

Til er maður sem leggur það í vana sinn að berja mig í höfuðið með regnhlíf¹

Til er maður sem leggur það í vana sinn að berja mig í höfuðið með regnhlíf. Í dag eru liðin nákvæmlega fimm ár frá þeim degi að hann byrjaði að berja mig í höfuðið með regnhlíf. Í fyrstu var það óþolandi en nú hef ég vanist því.

Ég veit ekki hvað hann heitir. En ég veit að hann er ósköp venjulegur maður, klæddur í grá jakkaföt, með grásprengt hár og sviplaust andlit. Ég hitti hann fyrst fyrir fimm árum. Það var heitt í veðri. Ég sat á bekk í Palermo-garðinum og las blaðið á skuggsælum stað undir tré. Allt í einu fann ég eitthvað snerta höfuð mitt. Það var þessi maður. Sá sami og heldur áfram að berja mig í höfuðið með regnhlíf um leið og ég skrifa þessar línur.

Mér var brugðið. Ég sneri mér umsvifalaust að honum. Hann hélt áfram að slá mig. Ég spurði hann hvort það væri ekki allt í lagi með hann. Hann virtist ekki heyra orð mín. Þá hótaði ég að kalla á öryggisvörð. Allt kom fyrir ekki. Sallarólegur hélt hann ótrauður áfram. Eftir nokkurt hik varð mér ljóst að hann léti ekki segjast. Ég stóð á fætur og löðrungaði hann. Maðurinn féll til jarðar og andvarpaði. Fljótlega og með erfiðismunum stóð hann upp og fór aftur að berja mig í höfuðið með regnhlífinni. Hann var með blóðnasir og á því augnabliki fann ég til með honum og fékk samviskubit yfir að hafa slegið hann. Ástæðan var sú að í raun og veru lemur maðurinn mig ekki með regnhlífinni. Hann danglar regnhlífinni létt og sársaukalaust í höfuð mitt. Vissulega eru þessi högg afar pirrandi. Við vitum jú öll að þegar fluga sest á ennið á okkur finnum við ekki til. Það skapraunar okkur. Og þegar öllu er á botninn hvolft þá er þessi regnhlíf eins og risastór fluga sem sest reglulega á höfuð mitt.

Ég var sannfærður um að maðurinn væri ekki heill á geði. Mig

1 Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi. Birtist fyrst í *Imperios y servidumbres* (1972). Hér úr *Viejos hechos y 19 otros cuentos* (2010).

langaði að losna við hann. En maðurinn fylgdi mér þögull og án þess að hætta að slá mig. Ég tók til fótanna og fáir eru eins fráir á fæti og ég. Hann fylgdi fast á eftir og reyndi árangurslaust að slá mig. Hann varð fljótt svo móður að mér varð ljóst að ef ég héldi hlaupunum áfram myndi plagari minn detta niður dauður á staðnum.

Þess vegna hætti ég að hlaupa. Ég sneri mér að honum en svipur hans lýsti hvorki þakklæti né ásökun. Ég velti því fyrir mér að koma við á lögreglustöðinni og segja: „Lögregluþjónn, þessi maður er að berja mig í höfuðið með regnhlíf.“ Þannig yrði þetta fordæmalaust mál. Lögregluþjónninn myndi virða mig fyrir sér tortrygginn, biðja mig um skilríki, spyrja mig óþægilegra spurninga og jafnvel handtaka mig.

Mér leist betur á að koma mér heim. Ég tók strætó númer 67. Maðurinn steig upp í vagninn fyrir aftan mig án þess að hætta að slá mig. Ég settist fremst. Hann stóð við hliðina á mér. Hann hélt sér í handfangið með vinstri hendi og með þeirri hægri sveiflaði hann regnhlífinni vægðarlaust. Farþegarnir skiptust á vandræðalegum brosum. Vagnstjórinn fylgdist með okkur í speglinum. Smátt og smátt breiddist dillandi hlátur út í vagninum. Dynjandi skellihlátur. Ég skammaðist mín og stökkroðnaði. Ósnortinn hélt kvalari minn uppteknum hætti og barði mig í höfuðið.

Ég – við – fórum úr vagninum við Pacífico-stöðina. Við gengum eftir Santa Fe breiðstrætinu. Allir sneru sér við eins og kjánar til að horfa á okkur. Ég velti því fyrir mér að segja: „Á hvað eruð þið að glápa, fíflin ykkar? Hafid þið aldrei séð mann sem slær annan mann í höfuðið með regnhlíf.“ Hrópandi krakkahópur fylgdi okkur og líklegast höfðu þau aldrei séð svona uppákomu áður.

En ég var með ráð á þrjónunum. Þegar ég kæmi heim ætlaði ég að skella hurðinni á nefið á honum. En það tókst ekki. Hann varð fyrri til, nýtti krafta sína og hélt hurðinni opinni. Hann smeygði sér inn á eftir mér.

Síðan þá heldur hann áfram að berja mig í höfuðið með regnhlíf. Eftir því sem ég best veit, sefur hann hvorki né nærast. Hann lætur sér nægja að berja mig. Hann fylgir mér í einu og öllu jafnvel á hið

allra heilagasta. Ég minnst þess að í upphafi komu högginn í veg fyrir að ég gæti sofnað. Núna held ég að án þeirra væri mér fyrirmunað að sofna.

Samt hefur samband okkar ekki alltaf verið gott. Mörgum sinnum hef ég farið þess á leit að hann útskýri hegðun sína. Það hefur verið vita gagnslaust. Í algerrri þögn heldur hann einfaldlega áfram að berja mig með regnhlíf í höfuðið. Oft hef ég löðrungað hann, sparkað í hann og – megi Guð fyrirgefa mér – jafnvel slegið hann með regnhlíf. Hann tekur höggunum af auðmýkt. Tekur þeim sem sjálfsgöðum fylgifysk starfsins. Og það lýsir persónuleika hans hvað best. Fullkomin auðmýkt, öryggi og aldrei vottar fyrir óvild. Fullvissa um að hann sé að sinna leynilegri æðri köllun.

Þó að hann hafi engar líkamlegar þarfir veit ég að þegar ég slæ hann finnur hann til. Ég veit að hann er veikburða, að hann er dauðlegur. Ég veit líka að með einu byssuskoti myndi ég losa mig við hann. Það sem ég veit hins vegar ekki er hvort skotið myndi drepa hann eða mig sjálfan. Ég veit ekki heldur hvort hann héldi áfram að slá mig með regnhlíf í höfuðið þó við værum báðir dauðir. Hvað sem öðru líður eru þessar hugleiðingar gagnslausar því ég viðurkenni fúslega að ég þori hvorki að drepa hann né sjálfan mig.

Mér hefur smám saman orðið ljóst að ég gæti ekki lifað án þess að hann berði mig í höfuðið. Æ oftast læðist að mér ákveðinn grunur, einskonar angist sem gagnstekur mig. Angistin um að þessi maður muni yfirgefa mig þegar ég þarf mest á honum að halda. Ég mun þá ekki finna fyrir þessum léttu höggum sem gera mér kleift að sofa jafn vært og raun ber vitni.